

Steinull hf.
Skarðseyri 5
550 Sauðárkrókur

Reykjavík 27.8.2025
UOS2501530/K.G.
11.08.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 13. ágúst 2025 – Steinull hf, Sauðárkróki, ID 7

Þann 13. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit í Steinull hf, Sauðárkróki. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirliti en ein ábending var sett fram vegna nýs starfsleyfis sem tók gildi 10. apríl 2025. Í nýju starfsleyfi eru auknar kröfur vegna skila:

Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið og þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.

Í gr. 4.2 er kveðið á um að mælingar skuli gera árlega vegna krafa í gr. 3.8 og 3.9.

Í gr. 4.2 er kveðið á um að rekstraraðili skuli framkvæma hávaðamælingu einu sinni á starfsleyfatímabilinu.

Í gr. 4.2 er kveðið á um að rekstraraðili sendi ársyfirlit til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.

Í gr. 4.3 er kveðið á um að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum árlega

Virðingarfyllt

Kjartan Guðmundsson
sérfræðingur

Stella Hrönn Jóhannsdóttir
sérfræðingur